

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



| | | | |
|----------------------------|--------------------------------|--------------------------------|-----------------------------|
| Dags eftirlits | 8.11.2017 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Halla Einarsdóttir |
| Fyrirtæki | Norðurál Grundartanga | Eftirlitsmaður | Einar Halldórsson |
| Heimili | Grundartanga | Tegund eftirlits | Reglubundið seinna eftirlit |
| Kennitala | 5702972609 | Flokkur | Ál |
| Fulltrúi fyrirtækis | Steinunn Dögg Steinsdóttir | ÍSAT nr. | 24.42.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Einar F. Björnss/Gísli Bragass | Staðsetning | 365596,685 431351,563 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram frávik frá starfsleyfi og engar athugasemdir voru gerðar við starfsemina.

Mælingar sem staðfestu úrbætur vegna útblásturs ryks yfir starfsleyfismörkum í skautsmiðju voru afhentar í eftirlitinu. Frávik vegna þessa var skráð í eftirlitsskýrslu úr seinna reglubundna eftirliti 2016.

Unnið er að viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar.

Tillaga að endurskoðaðri umhverfisvöktunaráætlun iðjuveranna á Grundartanga er í vinnslu.

UMFANG EFTIRLITS

1. Síðasta eftirlitsskýrsla

Framhald var á umræðum um kerleka, s.s. fyrirbyggjandi aðgerðir, orsakir, viðbrögð, áhrif á losun ofl. Rætt var um álgjall sem flutt er í vinnslu hjá Kratus ehf. og þaðan í flæðigryfjur Norðuráls. Skýra þarf þann feril betur þ.e. hvort álgjallið sé aukaafurð eða úrgangur. Ein kvörtun barst vegna ammoníakslyktar við urðun gjallsands (þ.e. álgjall sem farið hefur í gegnum endurbæðslu hjá Kratus ehf.) sem barst Umhverfisstofnun þann 28. september sl. Rætt var um mögulega ástæður þess að þessar aðstæður sköpuðust við urðunina, verkferla og ábyrgð Norðuráls á flæðigryfjunum. Norðurál hefur sett Kratus ehf. skilyrði um verklag við urðunina til að lágmarka gasmyndun. Einungis álgjall er sent í endurbæðslu til Kratusar ehf. en álfök eru endurbædd í kerum Norðuráls.

2. Atvikaskráningar – viðbrögð við óhöppum og eftirfylgni með úrbótum.

Eftirlitsmönnum var sýnt atvikaskráningakerfi Norðuráls þar sem að öll atvik sem tengjast öryggi, heilsu, umhverfi, framleiðslunni ofl. eru skráð. Öll atvik eru yfirfarin á vikulegum fundum öryggis-, heilsu- og umhverfismála þar sem að ábyrgðarmaður er settur á þau mál sem þarfnast eftirfylgni eða úrbóta. Þannig er framvindu úrbóta fylgt eftir þar til úrbótum er lokið og atvikinu lokað. Á vikulegu fundunum eru boðaðir, vaktmenn, verkstjórar og yfirstjórn öryggis-, heilsu- og umhverfismála.

3. Mælingar í útblæstri – ath PAH og þungmálmamælingar

Farið var yfir mánaðarskýrslur, mælingar og útreikninga fyrir losun ryks, brennisteinsdíoxíðs og flúors til andrúmslofts. Losun er minni í ár miðað við síðasta ár en stöðugleiki hefur jafnframt verið meiri í ár og ekki sömu vandkvæði með skaut og árið 2016.

Gerðar voru mælingar á þungmálmum, PAH og DPDD/DPDF árið 2016, bæði á hráefnum og í útblæstri. Þá voru afhentar skýrslur úr útblástursmælingum í skautsmiðju (svarta rykið) en mælingar þar í nóvember 2016 voru í tvígang yfir mörkum. Ráðist var í úrbætur sem staðfestar voru með mælingu í desember sama ár. Einnig voru sýndar mælingar sem teknar voru í steypuskála við blandofna. Þær mælingar voru gerðar í kjölfar ábendinga um reykmenngun frá steypuskála. Reynt var að skapa sem óhagstæðust skilyrði fyrir mengun við mælingarnar til að meta hámarksryklosun. Við slíkar aðstæður getur ryklosun verið tímabundin upp undir 30 mg/Nm³ en þær aðstæður standa yfir í stutta stund (yfirleitt innan við 30 mínútur). Þess utan mældist ryk við blandofnanna innan greiningamarka fyrir ryksöfnun á síur.

4. Áætlanir

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og áætlun um löndun súrálsváru voru sendar eftirlitsmönnum að loknu eftirliti. Rætt var um tillögu Norðuráls á fyrirkomulagi tilkynninga til nággranna um mengunaróhöpp en Norðurál mun senda Umhverfisstofnun erindi um tillöguna til samþykktar. Þess utan er viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar til staðar og nýlega endurskoðuð og uppfærð.

5. ETS og útstreymisbókhald

Farið var yfir athugasemdir við úttekt vegna losunarheimilda gróðurhúsalofttegunda (ETS). Umhverfisstofnun vinnur að endurmati á þeim rannsóknarstofum sem Norðurál notar til efnagreininga en hafa ekki vottun. Rætt var um ábendingar sem vottunaraðillinn gerði um innri ferla. Mæliáætlun vegna losun gróðurhúsalofttegunda hefur verið uppfærð, Norðurál hefur gert eigin úttekt á þeim rannsóknarstofum sem hafa ekki vottun og grunnögn sem útreikningar byggja á eru í rýni sem áætlað er að ljúki í lok árs 2017.

6. Skoðunarferð um steypuskála, kerskála og skautsmiðju

Að lokum var farið í skoðunarferð um kerskála og steypuskála. Fylgst var með skautskiptum og endað í steypuskála þar sem fylgst var með skimmun af deiglu þ.e. sköfun álgjalls ofan af álbráðinni. Snyrtilegt var um að lífast og kerpekjur í góðu ásíglumlagi í þeim hlutum kerskála sem skoðaðir voru.

ATHUGASEMDIR

Í eftirlitinu voru eftirlitsmönnum sýndar viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og niðurstöður PAH, þungmálma og PCDD/PCDF mælinga og voru þær svo sendar Umhverfisstofnun að eftirliti loknu.

ANNAÐ

Tillaga að endurskoðaðri umhverfisvöktunaráætlun iðjuveranna á Grundartanga var í kynningu til 14. nóvember sl. og vinnur Umhverfisstofnun úr þeim athugasemdum sem bárust á kynningartímanum.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2017


Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir